

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1981

Nr. 479.

758

19. ágúst 1981.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 8,9% frá og með 1. september 1981 frá því sem þær voru í ágúst 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 480.

18. ágúst 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. okt. 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 1981 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.